

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 58/2017

2018/EES/81/13

frá 17. mars 2017

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1 frá 3. janúar 2017 um verklagsreglur um auðkenni fara á sjó samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/53/ESB um skemmtibáta og einmenningsför á sjó <sup>(1)</sup>.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 2. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/53/EB) í XXXI. viðauka við EES-samninginn:

„3. **32017 R 0001:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1 frá 3. janúar 2017 um verklagsreglur um auðkenni fara á sjó samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/53/ESB um skemmtibáta og einmenningsför á sjó (Stjúd. ESB L 1, 4.1.2017, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2017/1, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 18. mars 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram <sup>(\*)</sup>.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 17. mars 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Claude Maerten**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjúd. ESB L 1, 4.1.2017, bls. 1.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.